

Nd.

37. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjársóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra, þegar Búnaðarfélag Íslands mælir með, að veita undanþágu frá ákvæðum þessara laga, um að lóga skuli einblendingum, þegar um karakúlfjarkyn er að ræða, enda setji þá ráðherra reglur um blendingsræktina og þær varúðarráðstafanir, er þurfa þykir, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við atvinnuáráðherra.

Í lögnum um innflutning sauðfjár er það fyrirskipað, að lóga skuli öllum einblendingum þegar á fyrsta hausti, nema geldingslömbum. Hinsvegar er það nú kunnugt, að notaðir eru víða einblendingshrútar af karakúlfjarkyni handa ám af öðru fjarkyni til framleiðslu karakúllambskinna, og meira að segja hafa einblendingar verið fluttir inn til landsins nú síðastliðið sumar í þessum tilgangi. Það virðist því ástæðulaust að banna uppeldi og notkun innlendra einblendinga af karakúlfjarkyni fremur en útlendra, ef þeir reynast vel. Hitt er aftur sjálf-sagt, að hafa opinbert eftirlit með þessháttar kynblöndun, ekki sízt fyrst í stað, á meðan verið er að fá reynslu fyrir því, hvernig hún verkar á fjarkynið og gæði lambskinnanna.